


Efni: Umsögn Arkitektafélags Íslands vegna þingsályktunar um húsnæði Listaháskóla Íslands. Mál nr. 143, 146. Lögjafarþing 2016-2017.

Arkitektafélag Íslands fagnar þingsályktuninni um húsnæði Listaháskóla Íslands og styður hana heilshugar.

Það er alvarlegt mál að nemendur og starfsfólk skólans búi við heilsuspillandi húsnæði og svo er ljóst að með núverandi húsnæði brjóti skólinn lög á hverjum degi þar sem ekki er aðgengi fyrir hreyfihamlaða í tveimur af fjórum byggingum skólans. Tíminn er á þrotum og ekki er hægt að bjóða nemendum í skapandi listum á háskólastigi eins lélegan húsakost eins og raun ber vitni.

Arkitektafélag Íslands vill ítreka mikilvægi þess að skólanum verði fundið hentugt húsnæði til framtíðar. Spörum ekki aurana og köstum krónunum. Vöndum til verka frá byrjun og bjóðum framtíðarnemendum í listnámi á Íslandi, kennurum og öllum þeim sem að skólanum koma upp á viðeigandi húsnæði.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd Arkitektafélags Íslands



---

Helgi Steinar Helgason  
formaður stjórnar A.Í.